



Reykjavík 16. desember 2014

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

123. mál 144. löggjafarþing

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um bætt starfsumhverfi erlendra sérfræðinga

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dagsettum 28. nóvember 2014, þar sem óskað var umsagnar Íslandsstofu um tillögu til þingsályktunar um bætt starfsumhverfi erlendra sérfræðinga.

Íslandsstofa styður efni þingsályktunartillögunnar enda um að ræða mikilvægan þátt í að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Í því sambandi bendir Íslandsstofa á rökstuddar tillögur Fjárfestingavaktarinnar, sem nú er fagráð Fjárfestingasviðs Íslandsstofu, um úrbætur á samkeppnishæfni Íslands sem afhentar voru iðnaðar- og viðskiptaráðherra í maí 2013. Þar er í kafla 3.5 farið yfir mikilvægi þess að bæta starfsumhverfi erlendra sérfræðinga sem hingað koma og bent á nokkrar aðgerðir sem grípa má til. Í tillögum Fjárfestingavaktarinnar segir orðréttt:

„Aðgengi innlendra sem erlendra fyrirtækja að sérhæfðum starfsmönnum til tímabundinna verkefna er mikilvægur þáttur í að bæta samkeppnisstöðu Íslands, bæði hvað varðar beina erlenda fjárfestingu en einnig til að miðla nýrri þekkingu inn í íslenskt atvinnulíf sem íslenskur vinnumarkaður er tímabundið ófær um. Því er mikilvægt að kanna þörf á endurskoða lagarammann um erlenda starfsmenn og hvort færa þurfi hann til samræmis við það sem gerist í löndunum í kringum okkur. Þar hefur víðast hvar verið farin sú leið að greiða sérstaklega fyrir ráðningum erlendra sérfræðinga sem taldir eru hafa fram að færa þekkingu sem reynist gagnleg fyrir þjóðfélag, atvinnu og menntun í heild. Í því skyni eru m.a. veittar ívilnanir með þeim rökum að bein erlend fjárfesting skilar oft miklum arði og hefur jákvæð áhrif á landsframleiðslu þess lands sem fjárfest er innan. Verðmætaáhrif af erlendri fjárfestingu eru nýsköpun og þekking, viðskiptatengsl, atvinnuþróun, auknar skatttekjur og fjármagnsflæði. Slíkir hvatar eða ívilnanir og skilvirkni við ráðningar og flutninga milli landa geta haft bein áhrif á staðarval fjárfesta, ekki síst þegar um er að ræða lítil eða meðalstór þekkingarfyrirtæki.“

Sjá skýrsluna í heild á vef Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins:

<http://www.atvinnuegaradunevti.is/idnadar-og-vidskiptamal/frettir/nr/7671>.



Þórður H. Hilmarsson,
forstöðumaður erlendra fjárfestinga Íslandsstofu